

14. september
2023

HARPA
ELDBORG

Konsertþrenna með Emmanuel Pahud

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Forleikur 10´

I hear the water dreaming 12´

Odelette 8´

Concertino 9´

Sinfónía 45´

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Konsertþrenna með Emmanuel Pahud

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 14. SEPTEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Emmanuel Pahud
einleikari

Claude Debussy

Forleikur að Síðdegi skógarpúkans (1894)

Toru Takemitsu

I Hear the Water Dreaming (1987)

Camille Saint-Saëns

Odelette, op. 162 (1920)

Cécile Chaminade

Concertino fyrir flautu, op. 107 (1902)

Hlé

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 1 í c-moll, op. 68 (1862–76)

Un poco sostenuto – Allegro – Meno allegro

Andante sostenuto

Un poco allegretto e grazioso

Adagio – Più andante –

Allegro non troppo ma con brio – Più allegro

For information in English about tonight 's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómveitum, meðal annars Útvarpshljómveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómveitinni í Vínnarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst síðastliðnum, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmoníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómveitinni.



Emmanuel Pahud

EINLEIKARI

Fransk-svissneski flautuleikarinn Emmanuel Pahud varð frægur á einni nóttu þegar hann vann prufuspil um stöðu sólóflautuleikara Berlínarfílharmóníunnar árið 1992, aðeins 22ja ára gamall. Hefur hann allar götur síðan verið eftirsóttur einleikari með helstu hljómsveitum austan hafs og vestan og starfað með virtustu hljómsveitarstjórum samtímans. Á verkalista hans eru helstu konsertar sem skrifaðir hafa verið fyrir flautu en auk þess hefur hann hvatt tónskáld til dáða og frumflutt marga nýja konserta. Má þar nefna verk eftir Frank Michael Beyer, Elliot Carter og Luca Lombardi.

Kammertónlist hefur einnig verið snar þáttur í starfi Pahuds og hefur hann ferðast víða um Evrópu, Bandaríkin og Japan, meðal annars með píanóleikaranum Éric Le Sage. Ásamt honum og klarínnettuleikaranum Paul Meyer stofnaði hann alþjóðlegu kammertónlistarhátíðina *l'Empéri* í Salon-de-Provence í Suður-Frakklandi og fagnaði hún nú í sumar sínu 31. starfsári.

Áhugi Pahuds á þverflautunni kviknaði snemma. Vegna starfa föður hans var fjölskyldan á faraldsfæti og fyrstu fjögur æviár Pahuds bjó hún í París, Bagdad og Madrid uns hún settist að í Róm þar sem Emmanuel heyrði í fyrsta sinn tóna úr þverflautu frá nærliggjandi íbúð. Tveimur árum síðar hlaut hann sína fyrstu tilsögn í flautuleik. Síðar lærði hann í Brüssel hjá Michel Moinil, þá í París hjá Michel Debost og hjá Aurèle Nicolet í Basel. Fimmtán ára gamall vann hann Þjóðarkeppnina í Belgíu (Le concours National de Belgique) og síðar þrjár alþjóðlegar tónlistarkeppnir, í Duino á Ítalíu 1988, Kobe í Japan og í Genf 1992.

Emmanuel Pahud tekur upp fyrir Warner Classics og hefur gefið út yfir 40 hljómplötur á þeirra vegum (áður EMI). Hefur hann hlotið margs konar viðurkenningar og árið 2017 var hann útnefndur heiðursforseti franska flautuleikarafélagsins.



Claude Debussy

FORLEIKUR AÐ SÍÐDEGI SKÓGARPÚKANS

Claude-Achille Debussy (1862–1918) var vegna óvenjulegra hæfileika sinna tekinn inn í tónlistarháskólann í París aðeins tíu ára gamall og stundaði hann þar nám næstu ellefu árin en meðal kennara hans var César Franck. Sumrin 1880–1882 var hann í þjónustu hinnar dularfullu velgjörðarkonu Tsjajkovskijs, Nadezhu von Meck, og ferðaðist með henni víðsvegar um Evrópu. Starf hans fólst meðal annars í því að spila með henni fjórhent, kenna börnum hennar á píanó og koma fram á einkatónleikum hennar. Árin 1884–85 dvaldi Debussy í Róm sem handhafi Prix de Rome verðlaunanna og 1888 og 89 heimsótti hann Wagner-hátíðina í Bayreuth. Á heimssýningunni í París árið 1889 heyrði hann fyrst og hreifst af Gamelan-tónistinni frá Jövu en þau kynni áttu eftir að hafa mikil áhrif á tónsköpun hans.

Líkt og mörg tónskáld fyrr og síðar sótti Debussy innblástur í ljóð og átti hann mörg ljóðskáld að vinum. Einn þeirra var Stephane Mallarmé. Hreifst Debussy af ljóði hans *L'après-midi d'un faune* og ákvað að semja eftir því hljómsveitarverk í þremur þáttum, *Prélude*, *Interlude* og *Paraphrase finale*. Hann lauk við forleikinn árið 1894 og lét þar staðar numið.

Í ljóði sínu dregur Mallarmé upp myndir af skógarpúka í líki guðsins Pan sem heillandi skógardísir vekja af síðdegis-blundinum. Sólóflautan, rödd skógarpúkans, byrjar verkið og er áberandi allt til enda, umvafin litríkum tónvef Debussys. Átti verkið eftir að marka tímamót í vestrænni tónlistarsögu og hafa djúp áhrif á næstu kynslóðir tónskálda.

Forleikur að Síðdegi skógarpúkans var frumfluttur í París 22. desember 1894. Debussy var viðstaddur æfingarnar og breytti og bætti fram á síðustu stundu. Á tónleikunum voru áheyrendur í fyrstu hikandi en í lokin var hrifningin slík, að hljómsveitin varð að endurtaka flutninginn.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék Forleikinn að Síðdegi skógarpúkans eftir Debussy fyrst í Þjóðleikhúsinu 22. apríl 1955 og hélt Olav Kielland þá um tónsprotann. Síðan þá hefur verkið heyrst sjö sinnum á tónleikum hljómsveitarinnar þar af í tvígang undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat. Síðast heyrðist forleikurinn á æfingu Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Norðurljósum síðla árs 2021 þar sem Eva Ollikainen leiðbeindi ungum tónlistarnemum í hljómsveitarstjórn.



Toru Takemitsu

I HEAR THE WATER DREAMING

Toru Takemitsu (1930–1996) er fyrsta tónskáldið frá Asíu sem náði frama í klassískum tónlistarheimi Vesturlanda. Hann fæddist í japönsku höfuðborginni Tókýó og sextán ára gamall ákvað hann að verða tónskáld. Hann var í grundvallaratriðum sjálfmenntaður enda var vestræn tónlist bönnuð í Japan á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Hann kynntist vestrænni tónlist í útvarpi bandaríska setuliðsins eftir lok seinni heimsstyrjaldarinnar, ekki einungis djassi heldur einnig verkum Coplands og Schönbergs en hann hreifst einkum af franskri tónlist, Debussy og Messiaen. Má í stíl hans einnig greina áhrif frá djasstónlist og japönskum tónlistarafi. Tónlist Takemitsu er draumkennd og einkennist af næmri tilfinningu fyrir blæ og lit tónanna.

Tvítugur að aldri þreytti hann frumraun sína með píanó-verkinu *Lento in Due Movimenti* en fyrsta verkið sem vakti athygli um allan heim var *Requiem* fyrir strengjasveit (1957); Stravinskij lýsti því yfir að það væri meistaraverk og eftir það stóðu Takemitsu ýmsar dyr opnar. Hann starfaði meðal annars náið með John Cage um skeið og það var bandaríska tónskáldið sem vakti aftur áhuga Takemitsu á hefðbundinni japanskri tónlist. „Um tíma hafði hún aðeins vakið í huga mér myndir af hörmungum stríðsins“, sagði hann síðar.

Takemitsu samdi *I hear the Water dreaming* fyrir flautu og hljómsveit árið 1987 fyrir bandaríska flautuleikarann Paula Robinson. Hér er hugmyndin um vatn samofin öðru hugtaki sem var miðlægt í sýn tónskáldsins á tónlist, því að dreyma. En hann leitar einnig fanga í vestur-áströlsku frumbyggjamálverki sem nefnist *Water Dreaming* og er fullt af goðsagnalegum táknum. Takemitsu skrifaði að verkið væri byggt á stefinu sem sólóflautan leikur nálægt upphafinu og kallast á við vatnstáknið í myndinni; þetta stef tekur stöðugum breytingum í röð upphafinna og draumkenndra þátta.



Camille Saint-Saëns

ODELETTE

Camille Saint-Saëns (1835–1921) fæddist í París. Hann var undrabarn og hélt sína fyrstu píanótónleika ellefu ára gamall. Hann stundaði nám í orgelleik og tónsmíðum við Tónlistarháskólann í París og stóð á tvitugu þegar fyrsta sífónía hans var frumflutt. Stuttu síðar gerðist hann organisti við Madeleine-kirkjuna í París og starfaði þar í tuttugu ár.

Á þessum árum kynntist hann Franz Liszt sem lýsti Saint-Saëns sem heimsins besta organista. Hann kenndi um skeið við Niedermayer-tónlistarskólann þar sem Gabriel Fauré og André Messager voru meðal nemenda hans.

Stuttu eftir að Frakkar biðu lægri hlut í stríðinu við Prússland stofnuðu frönsk tónskáld *Þjóðartónlistarfélagið* (Société Nationale de Musique). Markmiðið var að hvetja þarland tónskáld til dáða, ekki síst í þeim greinum sem hingað til höfðu helst verið ríkjandi á verkaskráum Þjóðverja, sífóníum og sönötum, konsertum og kammertónlist. Var Saint-Saëns einn af hvatamönnum að stofnun þessa félagsskapar og formaður hans til margra ára.

Saint-Saëns var annars einn fjölhæfasti tónlistarmaður aldarinnar, feiknagóður píanisti og organisti og áhrifamikill í frönsku tónlistarlífi um langa hríð. Viðamesta hljómsveitarverk hans er þriðja sífónían (1886), kölluð *Orgelsífónían* þar sem hljóðfærið hefur áberandi hlutverk. Er hún hans lengsta verk að óperunum undanskildum en þær urðu alls þrettán talsins og er *Samson og Dalíla* þeirra þekktust. Alls urðu verkin á fjórða hundrað talsins en auk fyrrnefndra verka er *Karnival dýranna* (Le Carnaval des animeaux) og *Dauðadans* (Danse macabre) oftast flutt.

Það vekur athygli að tréblásturshljóðfæri voru hinu aldna tónskáldi hugleikin síðustu æviárin. Samdi hann á dánarárinu sönötur fyrir óbó, klarínnettu og fagott en einleiksverkið Odelette fyrir flautu og hljómsveit ári fyrr. Odelette er nafn á konu í tyrknesku kvennabúri og sýnir áhuga tónskáldsins á tónlist íslamskra landa.

Tónlistin á Íslandi

Odetta eftir Camille Saint-Saëns hljómar nú í fyrsta skipti á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Aftur á móti hafa hin flautuverkin tvö heyrst hér í Eldborgarsal Hörpu. Melkorka Ólafsdóttir flutti I hear the Water dreaming eftir Takemitsu með hljómsveitinni í lok septembermánaðar 2011. Stjórnandi var Ilan Volkov. Þá lék Emilía Rós Sigfúsdóttir Concertino eftir Chaminade með Sinfóníunni fyrir ríflega tveimur árum undir stjórn Eyvinds Aadland. Það verk hefur oftast heyrst í upprunalegu útgáfunni fyrir flautu og píanó og er flutningur James Galway á Listahátíð í Reykjavík 1992 einkar minnisstæður.



Cécile Chaminade

CONCERTINO OP. 107

Cécile Louise Stéphanie Chaminade (1857–1944) fæddist í París og barnung fékk hún tilsögn í píanóleik hjá móður sinni. Framúrskarandi tónlistarhæfileikar hennar vöktu fljótt athygli og tíu ára gamalli stóð henni til boða að innritast í Tónlistarháskólann í París. Föður hennar þótti það ekki við hæfi en leyfði henni að sækja einkatíma hjá kennurum skólans og sótti hún tíma í píanóleik, fiðluleik og tónsmíðum. Chaminade byrjaði snemma að semja tónlist og tólf ára gömul lék hún eigin verk fyrir tónskáldið Georges Bizet sem hreifst af hæfileikum hennar.

Rétt rúmlega tvítug hélt hún tónleika með eigin verkum og mörkuðu þeir upphaf slíkra tónleika út allan hennar starfsferil. Tónleikaferðir hennar um heimalandið urðu fjölmargar en hún ferðaðist einnig oft til Englands og 1908 hélt hún tónleika í tólf borgum Bandaríkjanna og naut mikilla vinsælda hvar sem hún kom. Var hún fyrsta kventónskáldið sem hlaut riddaraorðu franska lýðveldisins.

Cécile Chaminade samdi um ævina um 400 tónverk af ýmsum toga, mestmegnis píanóverk og einsöngslög en einnig hljómsveitar- og kammerverk og eina óperu.

Concertino op. 107 fyrir flautu og píanó skrifaði hún árið 1902 að beiðni Tónlistarháskólans í París og var verkið hugsað sem prófverkefni fyrir flautunemendur skólans. Það er tileinkað Paul Taffanel sem var mikill flautusnillingur og kennari við stofnunina. Þetta glæsiverk hefur löngum þrýtt efnisskrár flautuleikara og er sú tónsmíð sem hefur haldið nafni Cécile Chaminade á lofti.



JOHANNES BRAHMS

SINFÓNÍA NR. 1 Í C-MOLL, OP. 63

Árið 1827 skildi Ludwig van Beethoven í 9. símfóníu sinni heiminum eftir stórvirki sem markaði þáttaskil í sögu símfónískrar tónlistar. Hver var fær um að taka við? Nýir menn og nýjar stefnur litu dagsins ljós. Tónaljóðin með Franz Liszt í broddi fylkingar og Richard Wagner með sínar nýstárlegu hugmyndir um óperuna. Franz Schubert hafði kvatt þennan heim ári á eftir Beethoven og helstu arftakar hans á símfóníska sviðinu voru þeir Mendelssohn og Schumann. En árin liðu og eftir frumflutning á 3. símfóníu Schumanns 1850 liðu 26 ár þar til málsmetandi símfónía leit dagsins ljós, 1. símfónía Brahms.

Johannes Brahms (1833-1897) fæddist í Hamborg sex árum eftir andlát Beethovens en líkt og landi hans kaus hann að búa og starfa í Víðnarborg sem lengi var vaggja tónlistarmenningar í Evrópu. Hann varð vildarvinur Clöru og Roberts Schumann sem studdu hann með ráði og dáð. Eftir hörmuleg endalok Roberts Schumann axlaði Brahms um skeið ábyrgð á heimilishaldi fjölskyldunnar og gekk sjö börnum Roberts í föðurstað. Samband þeirra Clöru gerðist æ nánara og varð efni í bæði skáldsögur og kvikmyndir. Um eðli sambandsins er ekki hægt að fullyrða en vináttuna varðveittu þau alla tíð og víst er að Clara var helsti ráðgjafi Brahms í tónlistarmálum. Fékk hún að heyra tónsmíðar hans á undan flestum öðrum og sagði skoðun sína umbúðalaust.

Í júlíbyrjun árið 1862 skrifaði hún eftirfarandi í bréfi til Josephs Joachim, fiðluleikara og sameiginlegs vinar þeirra beggja: „Johannes sendi mér nýlega, hugsíð yður hvílík undur og stórmerki, fyrsta kafla símfóníu sem hefst á þennan djarfa máta ...“ og hún skrifar fjóra fyrstu takta Allegro-kaflans sem fylgir innganginum sem Brahms bætti síðar við. Áfram heldur Clara: „Þetta er svo sannarlega nokkuð kröftugt en ég var mjög fljót að venjast því. Kaflinn er hlaðinn dásamlegri fegurð og efniviðurinn meðhöndlaður af þvílíkri snilld ...“

Tónlistin á Íslandi

Líkt og forleikur

Debussys heyrðist fyrsta
sinfónía Brahms fyrst í
Þjóðleikhúsinu og stjórnaði
Olav Kielland flutningnum.
Þetta var haustið 1952.

Alls hefur sinfónían
hljómað 24 sinnum í
meðförum Sinfóníu-
hljómveitar Íslands,
síðast í september 2021
undir stjórn Bertrands
de Billy. Meðal annarra
hljómveitarstjóra
má nefna Vladimir
Ashkenazy (1975 og 2014),
Pál P. Pálsson (1982),
Petri Sakari (1993) og
Rumon Gamba (2007).

Engar heimildir eru til um framgang sinfóníusmiðinnar frá 1862–1876. Vinir Brahms og útgefandinn Fritz Simrock minntu hann þó reglulega á verkið og hvöttu til dáða en lítið var um svör frá tónskáldinu. Hann sendi þó Clöru vinkonu sinni eina vísbendingu í póstkorti frá Sviss í september 1868. Á kortinu er laglína og við hana afmælistkveðja til Clöru. Þetta voru 9 taktar úr síðari hluta inngangsins að lokakafli sinfóníunnar þar sem hornið kveður sér hljóðs og markar þáttaskil í verkinu - boðar komu ljóssins.

Í október 1876 dregur loks til tíðinda svo um munar. Brahms var um það bil að leggja lokahönd á 1. sinfóníuna og lét Simrock og Joachim vita. Var ákveðið að sinfónían skyldi frumflutt í Karlsruhe 4. nóvember þá um haustið undir stjórn Ottos Dessoff en í kjölfarið í Mannheim, München og Vínnarborg undir stjórn tónskáldsins.

1. sinfónía Johannesar Brahms byrjar í c-moll og endar í C-dúr rétt eins og 5. sinfónía Beethovens og meginferli verkanna er hið sama, ferðalag úr myrkri í ljós, úr moll í dúr. Lykilþáttur verksins er síðasti kaflinn, þar sem Brahms reyndi á sína vísu á semja lokakafli Niundu sinfóníu Beethovens uppá nýtt en án söngvara. Kaflinn hefst með ábúðarfullum tónum en síðan taka bjartari hendingar að brjótast í gegn, meðal annars það sem kalla má „gleðistef“ þessarar sinfóníu. Það er leikið af fiðlum en á fremur lágu - þ.e. „sönghæfu“ - tónsviði. Hendingaskipan þess og hljómaferli er svo að segja nákvæmlega eins og í gleðistefi Beethovens: sextán taktar sem með nokkurri einföldun má tákna sem AABA að formi til. Þegar góðviljaður aðdáandi benti höfundinum á líkindi stefjanna tveggja svaraði Brahms: „Það heyrir nú hvaða asni sem er.“

Með þessari sinfóníu gekk sinfóníuformið í endurnýjun lífdaga eins og saga þess næstu áratugina vitnar um. Brahms samdi þrjár slíkar til viðbótar og í kjölfarið fylgdu Bruckner, Mahler og ótal önnur tónskáld innan og utan Þýskalands.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á döfinni

23.09 LAUGARDAGUR
Kl. 14:00



Ástarsaga úr fjöllum

Skyggst er inn í heim íslenskra trölla á hugljúfan og hnyttinn hátt í þessari ástsælu sögu Guðrúnar Helgadóttur sem flutt er í fallegum hljómsveitarbúningi Guðna Franzsonar þar sem dregnar eru upp líflegar hljóðmyndir af dulúðugum, spennandi heimi tröllanna.

Sögumaður er Jóhann Sigurðarson og myndskreytingum Brians Pilkington verður varpað upp meðan á flutningi stendur.

Á efnisskránni hljóma einnig tvö verk Edvarðs Grieg, forleikurinn að Holbergsvíttunni og sjálfur Tröllamarsinn, allt undir dyggri stjórn Ross Jamie Collins, staðarhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

24.09 SUNNUDAGUR
Kl. 17:00



Ungsveitin leikur Berlioz

Draumórasinfónía Hector's Berlioz er eitt af lykilverkunum í tónlist rómantíska tímans; ævintýrleg frásögn í tónum af ástarraunum ungs skálds sem hverfur inn í veröld trylltra draumóra með geigvænlegum afleiðingum. Verkið byggir á reynslu tónskáldsins sjálfs af ást og hugarvíli en með *Draumórasinfóníunni* var brotið blað í tónlistarsögunni, því svo nákvæm, sjálfsævisöguleg atburðarás hafði aldrei áður verið rakin í sinfónísku verki af slíkri stærðargráðu.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 en tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins hafa verið þátttakendur ár hvert á hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra. Á tónleikunum heldur hinn franskí Nathanaël Iselin um tónsprotann en hann gegndi stöðu staðarhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar starfsárið 2022-23.

Önnu-tvenna

05.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Anna og Elgar

Hinn margrómaði sellókonsert Edwards Elgars hljómar í flutningi austurríska sellóleikarans Kians Soltani, undir stjórn aðalhljóm-sveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Evu Ollikainen. Soltani fengu íslenskir tónleikagestir að kynnað vorið 2022 þegar hann lék sellókonsert Schumanns við mikinn fögnuð.

Á þessum tónleikum hljómar, ásamt sellókonserti Elgars, AIÖN-sinfónía Önnu Þorvaldsdóttur en hún byggir á verkinu AIÖN sem Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti ásamt Íslenska dansflokknum árið 2021. Þá fléttaðist dansverk Ernu Ómarsdóttur saman við hljóðfæraleik hljómsveitarinnar.

Anna Þorvaldsdóttir hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í ársbyrjun 2018 og er þessum tónleikum, ásamt tónleikum í Hallgrímskirkju daginn eftir, ætlað að fagna þessu gjöfule samstarfi með því að flytja verk hennar samhliða öðrum stórvirkjum úr tónlistarsögunni.

06.10 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00

Archora í Hallgrímskirkju

Þessir föstudagstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hallgrímskirkju eru helgaðir verkum Önnu Þorvaldsdóttur og haldnir í samstarfi við Hallgrímskirkju. Þar hljómar í upphafi hljómsveitarverkið METACOSMOS, þar sem fegurð og óreiða takast á. Þá tekur við innilegur sálmur Önnu fyrir kór, Heyr þú oss himnum á, og hrífandi tónsetning hennar á ljóðinu Ad Genua fyrir sópran, kór og strengjasveit. Að lokum verður hljómsveitarverk Önnu, ARCHORA, flutt undir stjórn Evu Ollikainen en Eva hélt einnig um tónsprotann við heimsfrumflutning verksins á Proms, tónlistarhátíð breska ríkisútvarpsins BBC, í Royal Albert Hall sumarið 2022. Verkið var flutt í orgellausri útgáfu í Eldborg haustið 2022 en að þessu sinni fær hið glæsilega Klais-orgel Hallgrímskirkju að njóta sín.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan

Flauta

Joachim Becerra Thomsen
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Hafðís Vigfúsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Hrafn Marinó Thorarensen
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Maximilian Riefellner

Trompet

Joris De Rijbel
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Elísabet Waage
Gunnhildur Einarsdóttir

Selesta

Guðrún Dalía Salómundsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Soraya Nayyar

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Jóhann Jóhannsson og Philip Glass

28. SEPTEMBER | KL. 19:30

Jóhann Jóhannsson var eitt þekktasta kvikmyndatónskáld samtímans þegar hann féll frá langt fyrir aldur fram árið 2018. Á þessum útgáfutónleikum fagnar Sinfóníuhljómsveit Íslands nýrri hljómplötu sveitarinnar undir merkjum þýska útgáfurisans Deutsche Grammophon, *A Prayer to the Dynamo*, með tónlist Jóhanns Jóhannssonar. Einnig hljómar hin heillandi og leiðslukennda *sinfónía nr. 1* eftir Philip Glass en hún byggir á hljómplötu Davids Bowie, *Low*, frá árinu 1977.

MIÐASALA Á SINFONIA.IS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

2023 | 2024

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar litrík og spennandi. Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti með góðum afslætti.

Sala áskrifta- og Regnbogakorta stendur nú yfir í miðasölu Hörpu og á sinfonia.is.

SINFONIA.IS